

Skaftárhreppur
Vigfús Þór Hróbjartsson
Klausturvegi 15
880 Kirkjubæjarklaustur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 15. maí 2013
Tilvísun: UST20130300107/bs

Deiliskipulag - Skaftárhreppur, - Fagrifoss - Fjaðrárgljúfur - Dverghamrar - Eldhraun. Umsagnir

Vísað er til bréfs Skaftárhrepps sent 13. mars 2013 þar sem óskað er umsagna Umhverfisstofnunar um ofangreind deiliskipulög.


Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir:


Fagrifoss Umhverfisstofnun telur að leggja eigi áherslu á gerð stíga og palla í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Fjaðrárgljúfur Umhverfisstofnun telur að leggja eigi áherslu á gerð göngustíga og útsýnispalla til að hlífa viðkvæmum gróðri.

Áningastaður við Eldhraun Umhverfisstofnun telur að í ljósi þess að yfirborð hraunsins og mosagróður hafa látið verulega ásjá vegna ágangs ferðamanna á þessum stað eigi að kanna hvort hér sé um ásættanlegan áningastað ferðamanna að ræða. Umhverfisstofnun telur að mosagróðið apalhraun eins og Eldhraun þoli ákaflega illa mikla umferð fótgangandi fólks. Því telur stofnunin með vísan til 37. gr. laga um náttúruvernd að forðast skuli frekari röskun á Eldhrauni og leitað verði að nýjum áfangastað í nágrenni Kirkjubæjarklausturs sem þoli ágang betur en mosavaxið hraun.

Dverghamrar Umhverfisstofnun vill benda á hvort aðrir möguleikar séu fyrir hendi varðandi staðsetningu bílasæða þannig að ásýnd svæðisins frá Hringvegi 1 verði sem best.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson
sérfræðingur


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur